

SAMPYKKT

um sýsluvegasjóð í Kjósarsýslu.

1. gr.

Í Kjósarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 66/1975 sbr. lög nr. 113/1976.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir eru:

Bessastaðahreppur:

1. Hliðsnesvegur. Af Bessast.vegi að Hliðsnesi.
2. Bessastaðavegur. Af hlaði á Bessast. að starfsmannahúsi.
3. Skólavegur. Af Álftanesvegi að Bjarnastaðaskóla.
4. Eyvindarstaðavegur. Af Álftanesvegi að Eyvindarstöðum.
5. N.-Eyvindarst.vegur. Af Álftanesvegi að Norður-Eyvindarstöðum.
6. Stekkjarvegur. Af Álftanesvegi að Stekk.
7. Asparvík.vegur. Af Álftanesvegi að Asparvík.
8. Landakotsvegur. Af Álftanesvegi að Landakoti.
9. Jörfavegur. Af Álftanesvegi að Jörfa.
10. Hvolsvetur. Af Jörfavegi að Hvoli.
11. Akarakotsvegur. Af Jörfavegi að Akarakoti.
12. Deildarvegur. Af Álftanesvegi að Deild.
13. Traðarvegur. Af Álftanesvegi að Tröð.
14. Gerðakotsvegur. Af Álftanesvegi að Gerðakoti.
15. Háakotsvegur. Af Álftanesvegi að Háakoti.
16. Sveinskotsvegur. Af Álftanesvegi að Sveinskoti.
17. Bjarnastaðavegur. Af Sveinskotsvegi að Bjarnastöðum.
18. Þórukotsvegur. Af Álftanesvegi að Þórukoti.
19. Búðarflatarvegur. Af Álftanesvegi að Búðarflöt.
20. Skógtjarnarvegur. Af Álftanesvegi ag Skógtjörn.
21. V-Skógtj.vegur. Af Búðarflatarvegi að Vestri-Skógtjörn.
22. Brekkukotsvegur. Af Álftanesvegi að Brekkukoti.
23. Brekkuvegur. Af Álftanesvegi að Brekku.
24. Kirkjubrúarvegur. Af Álftanesvegi að Kirkjubrú.

Mosfellshreppur:

1. Blikastaðavegur. Af Vesturlandsvegi að Blikastöðum.
2. Blikastaðav. II. Af Blikastaðvegi að Blikastaðabúi.
3. Lágafellskirkjuv. Af Vesturlandsvegi að Lágafellskirkju.
4. Leirvogstunguv. Af Vesturlandsvegi að Leirvogstungu.
5. Úlfarsárvegur. Af Úlfarsfellsvegi að Úlfarsá (hæli).
6. Friðlunarvegur. Af Hafravatnsvegi að Friðarlundi.
7. Úlfarsfellsvegur. Af Úlfarsfellsvegi að Úlfarsfelli.
8. Þormóðsdalsvegur. Af Hafravatnsvegi að Þormóðsdal.
9. Miðdalsvegur. Af Hafravatnsvegi að Miðdal.
10. Dallandsvegur. Af Hafravatnsvegi að Dallandi.
11. Hlaðgerðarkotsv. Af Þingvallavegi að Hlaðgerðarkoti.

12. Tjaldanesvegur. Af Þingvallavegi að Tjaldanesi.
13. Hrisbrúarvegur. Af Þingvallavegi að Hrisbrú.
14. Viðihólsvegur. Af Hrisbrúarvegi að Viðihóli.
15. Furuvallvegur. Af Þingvallavegi að Furuvöllum.
16. Viðisvegur. Af Þingvallavegi að nýbyggðu húsi, Víði.
17. Reykjahlíðarvegur. Af Þingvallavegi að Reykjahlíð.
18. Laugabólsvegur. Af Reykjahlíðarvegi að Laugabóli.
19. Veg. að Reykjahl.h. Af Reykjahlíðarvegi að Reykjahlíðarhæli.
20. Minna-Mosfellsv. Af Þingvallavegi að Minna Mosfelli.
21. Mosfellsv. Af Minna-Mosfellsv. að Mosfelli I.
22. Norður-Reykjav. Af Þingvallavegi að Norður Reykjum.
23. Dalsgarðsvegur. Af Norður-Reykjav. að Dalsgarði.
24. Viðigerðisvegur. Af Norður-Reykjav. að Viðigerði.
25. Reykjadalsv. I. Af Norður-Reykjav. að Reykjadal.
26. Reykjadalsv. II. Af Norður-Reykjav. að Æsustöðum .
27. Æsustaðavegur. Af Norður-Reykjav. að Æsustöðum.
28. Vegur að Röðli. Af Æsustaðavegi að Röðli
29. Lundarvegur. Af Þingvallavegi að Lundí.
30. Helgadalsvegur. Af Þingvallavegi að Helgadal.
31. Hraðastaðavegur. Af Helgastöðum að Hraðastöðum II.
32. Brennholtsvegur. Af Helgadalsvegi að Brennholti.
33. Laxnessvegur. Af Þingvallavegi að Laxnesi.
34. Gljúfrasteinsvegur. Af Þingvallavegi að Gljúfrasteini.
35. Hrafnhólavegur. Af Þingvallavegi að Hrafnhólum.
36. Selholtsvegur. Af Hrafnhólavegi að Selholti.
37. Selvangsvegur. Af Hrafnhólavegi að Selvangi.
38. Seljabrekkuvegur. Af Þingvallavegi að Seljabrekku.

Kjalarneshreppur:

1. Varmadalsvegur. Af Vesturlandsvegi að Varmadal IV.
2. Fitjavegur. Af Vesturlandsvegi að Fitjum.
3. Fitjakotsvegur. Af Fitjavegi að Fitjakoti.
4. Norður-Grafarvegur. Af Vesturlandsvegi að Norður-Gröf.
5. Viðinesvegur. Af Vesturlandsvegi að Viðinesvegi.
6. Naustanesvegur. Af Viðinesvegi að Naustanesvegi.
7. Álfsnesvegur. Af Viðinesvegi að Álfsnesi.
8. Kollafjarðarvegur. Af Vesturlandsvegi að Kollafjarðarrett.
9. Mógilsárvegur. Af Kollafjarðarvegi að húsi tilr.stj. Mógilsá.
10. Pétursborgarvegur. Af Kollafjarðarvegi að starfsm.húsi Pétursborgar.
11. Ystu-Nafarvegur. Af Kollafjarðarvegi að Ystu-Nöf.
12. Veg. að smáb. í l. Móa. Af Vesturlandsvegi að smábýli í landi Móa.
13. Esjubergsvegur. Af Vesturlandsvegi að Esjubergi.
14. Móavegur. Af Vesturlandsvegi að nýbyggðu húsi á Móum.
15. Kirkjulandsvegur. Af Vesturlandsvegi að Kirkjulandi. ,
16. Saltvíkurvegur. Af Vesturlandsvegi að Saltvík.
17. Skrauthólavegur. Af Vesturlandsvegi að Skrauthólum.
18. Vallárvegur. Af Vesturlandsvegi að Vallá.
19. Fólksvangsvegur. Af Vesturlandsvegi að Fólkvangi.
20. Klébergsv. Af Vesturlandsvegi að Klébergi.
21. Bergvíkurvegur. Af Vesturlandsvegi að Bergvík.
22. Brautarholtsvegur. Af Vesturlandsvegi að Brautarholti.
23. Jörfavegur. Af Brautarholtsvegi að Jörfa.

24. Króksvegur I. Af Brautarholtsvegi að Króki (norðurbæ).
25. Króksvegur II. Af Brautarholtsvegi að Króki (syðri-bæ).
26. Lykkjuvegur. Af Brautarholtsvegi að Lykkju.
27. Arnarholtsvegur. Af Brautarholtsvegi að Arnarholti.
28. Hjassavegur. Af Brautarholtsvegi að Hjassa.
29. Bakkavegur. Af Vesturlandsvegi að Bakka.
30. Melavallavegur. Af Vesturlandsvegi að Melavöllum.
31. Dalsmynnisvegur. Af Vesturlandsvegi að Dalsmynni.
32. Saurbæjarvegur. Af Vesturlandsvegi að Saurbæjarkirkju.
33. Hjarðarnesvegur. Af Vesturlandsvegi að Hjarðarnesi.
34. Útkotsvegur. Af Vesturlandsvegi að Útkoti.
35. Melavegur. Af Vesturlandsvegi að Melum.
36. Norðurkotsvegur. Af Vesturlandsvegi að Norðurkoti.
37. Stardalsvegur. Af Þingvallavegi að Stardal.
38. Ytri-Tindast.vegur. Af Eyrafjallsvegi að Ytri-Tindastöðum.

Kjósarhreppur:

1. Kiðafellsvegur. Af Vesturlandsvegi að Kiðafelli.
2. Eyrarkotsvegur. Af Vesturlandsvegi að Eyrarkoti.
3. Eyrarvegur. Af Vesturlandsvegi að Eyri.
4. Laxárnesvegur. Af Vesturlandsvegi að Laxárnesi.
5. Félagsgarðsvegur. Af Vesturlandsvegi að Félagsgarði.
6. Neðri-Hálsvegur. Af Vesturlandsvegi að Neðri-Hálsi.
7. Hvammsvegur. Af Vesturlandsvegi að Hvammi.
8. Hvammsvík.vegur. Af Hvammsvegi að Hvammsvík.
9. Fossarvegur. Af Vesturlandsvegi að Fossá.
10. Ingunnarst.vegur. Af Vesturlandsvegi að Ingunnarstöðum.
11. Skorhagavegur. Af Vesturlandsvegi að Skorhaga.
12. Morastaðavegur. Af Eyrafjallsvegi að Morastöðum.
13. Miðdalsvegur. Af Eyrafjallsvegi að Miðdal.
14. Eylífsdalsvegur. Af Eyrafjallsvegi að Eylífsdal.
15. Þúfuvegur. Af Eyrafjallsvegi að Þúfu.
16. Blönduholtsvegur. Af Eyrafjallsvegi að Blönduholti.
17. Fellsvegur. Af Eyrafjallsvegi að Felli.
18. Hjarðarholtsvegur. Af Meðalfellsvegi að Hjarðarholti.
19. Þorlákst.vegur. Af Meðalfellsvegi að Þorlákstöðum.
20. Káranesvegur. Af Þorlákstaðavegi að Káranesi.
21. Hurðarbaksvegur. Af Þorlákstaðavegi að Hurðarbaki.
22. Meðalfellsvegur. Af Meðalfellsvegi að Meðalfelli.
23. Flekkudalsvegur. Af Meðalfellsvegi að Flekkudal.
24. Eyjavegur. Af Meðalfellsvegi að Eyjum (austurbær).
25. Hjallavegur. Af Meðalfellsvegi að Hjalla.
26. Sandsvegur. Af Meðalfellsvegi að Sandi.
27. Ásgarðsvegur. Af Kjósarskarðsvegi að Ásgarðsskóla.
28. Grímsstaðavegur. Af Kjósarskarðsvegi að Grímsstöðum.
29. Sognsvegur. Af Kjósarskarðsvegi um Sogn að Kjósarskarðsvegi.
30. Reynivallavegur. Af Kjósarskarðsvegi að Reynivöllum.
31. Vindásvegur. Af Kjósarskarðsvegi að Vindási.
32. Írafellsvegur. Af Kjósarskarðsvegi að Írafelli.
33. Hækingsdalsvegur. Af Kjósarskarðsvegi að Hækingsdal.
34. Hlíðarásvegur. Af Hækingsdalsvegi að Hlíðarási.
35. Fremri-Hálsvegur. Af Kjósarskarðsvegi að Fremri-Hálsi.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það renni allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal því greitt í einu lagi úr sveitar-sjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7.000. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu 3/4 sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1 milljón króna, nema þyngri hegning liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt um sýsluvegasjóð í Kjósarsýslu nr. 238 6. október 1964.

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

25. maí 1977.

Nr. 240.

G J A L D S K R Á

fyrir hafnarsjóð Búðakauptúns í Suður-Múlasýslu.

I. KAFLI

Um hafnargöld Búðakauptúns.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest skráð á mælibréf skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldí eru herskip, björgunarskip, íslensk vitaskip og varðskip, svo og skip, sem taka neyðarhöfn.

Lestagjöld.

2. gr.

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, sem sigla eftir áætlun og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 11.60 á brúttórúmllest.
 - Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 5.80 á brúttórúmllest.
 - Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 11.60 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
 - Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 770.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 3 840.00.
- Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 5.80 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.